

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

52. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 27. nóvember 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir, Rósa Ingvarsdóttir og Ingibjörg Úlfarsdóttir af hálfu KÍ. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Ólafur Loftson boðaði forföll.

Þá var gengið til dagskrár:

1. **Telst greiningarvinna, s.s. LOGOS próf, til kennsluþáttar þannig að það þurfi ávallt að greiða sérstaklega fyrir hana ef kennari kennir 24 – 28 kennslustundir?**

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd óskaði eftir álitum Verkefnisstjórnar um vinnumat sem hefur skilað álitum sínum er lítur að greiningarvinnu kennara s.s. LOGOS.

Samstarfsnefnd er sammála um eftirfarandi:

Fyrirlögn almennra prófa, annað námsmat og úrvinnsla þeirra fellur undir A verkþátt vinnumats. Verkefnisstjórn lítur þannig á að það sama geti átt við um LOGOS. Tími til úrvinnslu greininganna geti hins vegar einnig fallið ýmist undir B eða C verkþátt að teknu tilliti til umfangs annarra starfa viðkomandi kennara.

2. **Er tími sem ætlaður er í frímínútur undir verkstjórn skólastjóra og hvernig er heimilt að ráðstafa tímanum þegar frímínútur eru ekki hluti af skipulögðu skólastarfi? – 1510159SA**

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað.

3. **Telst síðasti dagur í ferðalagi þar sem kennari hefur umsjón með nemendum sem ferðadagur skv. grein 2.3.9 ljúki ferðinni innan dagvinnumarka.**

Niðurstaða:

Síðasti dagur ferðalags þar sem kennari hefur umsjón með nemendum telst ferðadagur skv. grein 2.3.9. Þrátt fyrir að honum ljúki innan dagvinnumarka. Fyrir síðasta dag á ferðalagi reiknast 4 tímar í yfirvinnu.

4. **Á bókasafnskennari sem starfar hluta starfs síns á bókasafni samhliða starfi sínu sem kennari rétt á að fá greitt álag skv. grein 2.3.7. þegar honum er falið að halda utanum nemendum í forföllum annars kennara.**

Niðurstaða:

Kennarinn á rétt á greiðslu eins og um forfallakennslu væri að ræða í þeim tilfellum sem skólastjóri hefur falið honum að hafa umsjón með nemendum í forföllum annars kennara og lengist dagleg viðvera hans sem því nemur. Kennarinn á ekki rétt á 0,5 tíma álagsgreiðslu skv. grein 2.3.7 nema í þeim tilfellum og á þeim tíma sem hann bætir nemendahóp við eigin námshóp.

Sá hluti starfs bókasafnskennara sem tilheyrir almenningsbókasafni tengist ekki skólastarfi og getur hvorki talist til kennslu né hluti af námi nemenda. Ákvæði kjarasamningsins um álag og forföll eiga því ekki við þegar fjallað er þennan hluta starfsins..

5. **Skilgreining uppbrotsdaga**

Niðurstaða:

Málið rætt. Afgreiðslu frestað.

6. **Talning veikindaréttar í fæðingarorlofi.**

Niðurstaða:

Afgreiðslu málsins er frestað meðan frekari gagna er aflað.

7. **Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10:27.